

Stjörnugrís hf.  
Vallá  
116 Reykjavík

Reykjavík 4. júlí 2019  
UST201904-224/A.B.B.  
08.12.01

### Færsla starfsleyfis vegna þauleldis svína Brautarholti

Vísað er til umsóknar rekstraraðilans Höndlun ehf., kt. 681174-0289, og fyrirtækisins Stjörnugrís hf., kt. 600667-0179, dags. 14. febrúar 2019, þar sem óskað er eftir því að fært verði starfsleyfi fyrir rekstri þauleldis svína á lóðinni að Brautarholti, 162 Kjalarnesi í Reykjavík, útg. 8. október 2013 af Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur, frá Höndlun ehf. yfir á nýjan rekstraraðila Stjörnugrís hf.

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um færslu starfsleyfisins, sem er breyting á starfsleyfi sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Ekki er um að ræða breytingu á starfsleyfisskilyrðum.

Með þessari ákvörðun færast réttindi og skyldur varðandi starfsleyfið til Stjörnugrís hf. Athygli er vakin á því að starfsleyfið gildir til 8. október 2025.

Gjald vegna færslu starfsleyfisins verður innheimt hjá nýjum rekstraraðila, Stjörnugrís hf., skv. 4. gr. gjaldskrár stofnunarinnar nr. 535/2015, eða kr. 52.800.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um færslu starfsleyfis er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar, sjá 65. gr. laga nr. 7/1998 sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Sigrún Agústsdóttir  
staðg. forstjóra

Virðingarfyllst

Agnar Bragi Bragason  
teymisstjóri

Afrit: Höndlun ehf., Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur.